

**Sp.**

**229. Skýrsla**

**[214. mál]**

félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

**1. Inngangur.**

Í 22. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er sú skylda lögð á herðar félagsmálaráðherra að leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Í áætluninni skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna. Samkvæmt greininni skal við gerð hennar höfð hliðsjón af framkvæmdaáætlun sem Jafnréttisráð skal gera, sbr. 2. tölul. 15. gr. laganna. Áætlunina skal ráðherra leggja fyrir Alþingi til umræðu.

Félagsmálaráðuneytið vakti athygli Jafnréttisráðs á þessum ákvæðum laganna um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla með bréfi dags. 17. febr. 1986. Ráðuneytinu barst framkvæmdaáætlun ráðsins með bréfi 31. júlí 1986. Í aðfararorðum áætlunarinnar kemur fram að við gerð hennar gaf ráðið ýmsum aðilum, sem láta sig jafnréttismál varða, kost á að koma með tillögur um aðgerðir í jafnréttismálum og tjá sig um stefnumörkun á þessu sviði. Svör bárust frá 14 eftirtöldum aðilum: Alþýðusambandi Íslands, samtökum ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólamenntaðra manna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, jafnréttisnefnd Akureyrar, jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar, jafnréttisnefnd Húsavíkur, Kvenfélaga-sambandi Íslands, Kvennaathvarfinu, Kvennaframboði í Reykjavík, Kvennafylkingu Alþýðubandalagsins, Kvenréttindafélagi Íslands, menntamálaráðuneytinu, Samtökum kvenna á vinnumarkaði og Starfsmannafélaginu Sókn.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, skal Jafnréttisráð annast framkvæmd laganna. Enn fremur eru verkefni Jafnréttisráðs nánar tilgreind í 15. gr. þeirra. Þótt aukin ábyrgð á því að koma á jafnrétti kynjanna sé lögð á herðar félagsmálaráðuneyti og ríkisstjórn er framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í höndum Jafnréttisráðs. Af þessu má ljóst vera að framkvæmdaáætlun sú sem félagsmálaráðherra leggur fyrir ríkisstjórn er nokkuð annars eðlis en framkvæmdaáætlun Jafnréttisráðs. Umfang hennar hlýtur að takmarkast við aðgerðir sem ráðuneytum og opinberum stofnunum er lögum samkvæmt rétt og skylt að grípa til á sínum vettvangi án þess þó að ganga inn á verksvið Jafnréttisráðs. Rétt er að leggja áherslu á að eðli máls samkvæmt er það á verksviði Jafnréttisráðs að hafa áhrif á stofnanir og félagasamtök sem standa utan við umsýslu hins opinbera.

## **2. Atvinnu- og launamál.**

Tiltækar kannanir benda til að launamunur sé á milli kvenna og karla á vinnumarkaðinum og einnig í þjónustu hins opinbera. Hann getur stafað af ýmsu, t.d. menntun, vinnutíma, starfsaldri o.fl. Ýmislegt bendir þó til að ekki sé hægt að skýra þennan launamun kynjanna eingöngu á þann hátt. Ríkisstjórnin er sammála um að grípa til eftirfarandi aðgerða til að koma á jafnrétti í atvinnu- og launamálum kynjanna:

### *2.1. Könnun á launamun kynjanna.*

Þjóðhagsstofnun hraði könnun á launamun kynjanna. Niðurstöður hennar verði rannsakaðar nánar með það að markmiði að finna raunverulegar ástæður launamunar.

### *2.2. Úrvinnsla upplýsinga.*

Byggdastofnun sjái um úrvinnslu upplýsinga um konur og karla á vinnumarkaðinum, sbr. ritið Vinnumarkaðurinn 1984. Í ritinu er að finna upplýsingar um meðallaun í ákveðnum starfsgreinum og atvinnuþátttöku.

### *2.3. Sveigjanlegur vinnutími.*

Ráðuneyti og opinberar stofnanir á vegum ríkisins beiti sér fyrir að komið verði á sveigjanlegum vinnutíma til að stuðla að jafnari þátttöku kynjanna í heimilisstörfum og atvinnulífnum.

### *2.4. Nýtt starfsmat.*

Híð opinbera og aðilar vinnumarkaðarins sjái um að fram fari nýtt starfsmat þar sem endurskoðað verði sérstaklega mat á hefðbundnum kvennastörfum annars vegar og störfum sem karlar vinna almennt hins vegar, t.d. ýmis iðnaðarstörf, tæknistörf o.fl. Við mat á starfsreynslu skal taka tillit til heimilis- og umönnunarstarfa.

### *2.5. Stofnun fyrirtækja.*

Félagsmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, Iðntæknistofnun og iðnþróunarfélög taki höndum saman og efni til námskeiða fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki.

## **3. Menntun og fræðsla.**

Kannanir, sem gerðar hafa verið á undanförunum árum, hafa leitt í ljós mikinn mun á menntun kvenna og karla. Þessi munur fer þó hraðminnkandi. Helstu breytingar felast í hækkandi hlutfalli kvenna sem ljúka stúdentsprófi. Skólaárið 1983/84 luku fleiri konur en karlar stúdentsprófi. Konum sem ljúka háskólaprófi hefur einnig fjölgað verulega. Ástæða er til að ætla að námsval kvenna leiði til starfa sem líklegt er að leggist af eða breytist, sbr.

skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Til að bæta stöðu kvenna þarf að stuðla að því að atvinnuþátttaka þeirra verði fjölþætt og hvetja konur til að haga menntun sinni í samræmi við það. Norræna samstarfsverkefnið, sem hefur að markmiði að stuðla að fjölbreyttari menntun og starfsvali kvenna, er mikilvægt í þessu sambandi.

Á næstu fjórum árum skal lögð áhersla á eftirfarandi:

### 3.1. Jafnréttisfræðsla.

Hrundið verði í framkvæmd ákvæði 10. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, um að veitt verði fræðsla um jafnrétti kynjanna í skólum landsins. Samþykkt verði tillaga menntamálaráðuneytisins um stöðuheimild vegna umsjónarkennara í jafnréttisfræðslu. Áhersla verði lögð á að kennslugögn mismuni ekki kynjunum. Félagsmálaráðuneyti, Jafnréttisráð og menntamálaráðuneyti reyni í sameiningu að breyta hinu hefðbundna náms- og starfsvali með aukinni náms- og starfsfræðslu.

### 3.2. Menntun kennara.

Kennaraháskóli Íslands fræði verðandi kennara um jafnréttismál í skólum og sama á við um verðandi fóstrur í Fósturskólanum. Skyldunámskeið um jafnréttisfræðslu verði haldin fyrir alla kennara og starfandi fóstrur. Hér komi til samvinna á milli menntamálaráðuneytis, Kennaraháskóla Íslands og Fósturskólans.

### 3.3. Endurskoðun námsefnis.

Allt nýtt og endurútgefið námsefni verði endurskoðað með tilliti til jafnréttis kynjanna. Sérstaklega skal endurskoða kennslu í handmennt, heimilisfræðslu og íþróttum með það að markmiði að kynin fái sömu kennslu í þessum greinum.

### 3.4. Náms- og starfsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf.

Í samræmi við 10. gr. jafnréttislaganna taki menntamálaráðuneyti upp tilraunaráðgjöf í samvinnu við verkefnisstjóra norræna samstarfsverkefnisins á sviði jafnréttismála og fylgist með árangrinum í þeim tilgangi að finna farsælustu leiðina við ráðgjöf og fræðslu um náms- og starfsval. Sérstök áhersla verði lögð á hvatningu til kvenna að læra til tæknistarfa.

### 3.5. Fræðsla um fjölskyldumál.

Dómsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð hafi samvinnu um útgáfu bæklinga um réttindi og skyldur í hjúskap annars vegar og óvígðri sambúð hins vegar. Í samvinnu við landlækni verði hrint í framkvæmd I. kafla laga nr. 25/1975 sem fjallar um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

## 4. Trúnaðarstöður og ábyrgð.

Áhrif kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnunum hafa aukist á undanförnum árum. Þinnig hefur konum í trúnaðarstörfum í Stjórnarráði Íslands fjölgað. Áhrif kvenna í stjórnnum og ráðum á vegum ríkisins eru enn of lítil. Í 12. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er kveðið á um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið. Á þessu sviði er átaks þörf með það að markmiði að jafna hlutdeild kvenna og karla sem hafa ábyrgðarstörf og áhrifastöður með höndum í þjóðfélaginu. Til þess að ná þessu markmiði stefna stjórnvöld að eftirfarandi:

### 4.1. Hlutfall kvenna í trúnaðarstörfum.

Ríki og sveitarfélög vinni markvisst að því að tala kynjanna í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila verði sem jöfnust, sbr. 12. gr. jafnréttislaganna.

Alþt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

97

#### *4.2. Konur í ábyrgðarstöðum hjá hinu opinbera.*

Ráðuneyti vinni að því að konur sem starfa hjá hinu opinbera fái aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

#### **5. Félagsleg atriði.**

Á síðustu áratugum hefur íslenska þjóðfélagið gjörbreyst. Helsta breytingin er fólgin í aukinni menntun og atvinnuþátttöku kvenna, samfara tæknivæðingu og ýmiss konar sérhæfingu. Þjóðfélagið verður að laga sig að breyttum aðstæðum en ríka áherslu ber að leggja á það grundvallaratriði að fjölskyldan er hornsteinn þess og miða verður að því að svo verði áfram. Þess vegna þarf að tryggja heimavinnandi maka sömu réttindi á við þá sem eru úti á vinnumarkaðinum. Aukin atvinnuþátttaka kvenna gerir þörf á gæslu fyrir börn utan heimilisins brýnni en áður. Lægri fæðingartíðni er umhugsunarefni og virðist haldast í hendur við félagslegar aðstæður útivinnandi kvenna til að fæða og ala upp börn. Þriggja mánaða fæðingarorlof er stuttur tími fyrir foreldra með nýfætt barn. Stjórnvöld telja að bæta verði aðstæður kvenna með nýfædd börn og að foreldrum verði báðum gert kleift að ala börn sín upp á þann hátt sem samrýmist launaðri atvinnu þeirra. Sveigjanlegur vinnutími foreldra með ung börn er æskileg og raunhæf leið að þessu marki. Á næstu árum skal lögð áhersla á eftirfarandi:

##### *5.1. Fæðingarorlof.*

Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins leiti leiða til að lengja fæðingarorlof í sex mánuði. Feður fái aukna heimild til töku fæðingarorlofs.

##### *5.2. Réttindi heimavinnandi maka.*

Tryggt verði að heimavinnandi maki njóti sömu réttinda á við þá sem eru úti á vinnumarkaðinum, t.d. lífeyristrygginga.

##### *5.3. Samfelldur skóladagur.*

Komið verði á samfelldum skóladegi fyrir öll börn í grunnskóla og máltíðir verði hægt að fá í skólum. Jafnframt verði grunnskólanum gert kleift að hafa samfellt skólahald til þess að ekki þurfi að úthýsa nemendum ef fella þarf niður kennslu.

##### *5.4. Dagvistun barna.*

Ítarleg könnun fari fram á þörf fyrir dagvistarstofnanir, sbr. fyrri kannanir um sama efni. Því verði beint til sveitarfélaga og þau miði áætlanir sínar við þá könnun og þeim fjölskyldum fjölgi sem fái aðgang að dagvistarstofnunum og skóladagheimilum.